

Alþýðuhúsið á Þrettándaánum

Sunnudaginn næstkomandi, 6. janúar, kl. 14.00, opnar sýning í Kompunni, Alþýðuhúsinu á Siglufirði, sem samanstendur af verkum í eigu Aðalheiðar. Undanfarin ár hefur hún haft gaman af að setja upp verk úr listaverkæigu fjölskyldunnar sem er orðin töluverð eftir 30 ára starf við myndlist. Að þessu sinni eru það listamennirnir Jón Laxdal, Freyja Reynisdóttir, Leifur Ýmir og Sigurður Atli, Sigga Björg Sigurðardóttir, Klængur Gunnarsson, Brák Jónsdóttir og Jan Voss sem sýna.

Sama dag kl. 14.30 mun Pauline Joy Richard, ungur iðnhönnuður sem nýverið keypti hús á Siglufirði, vera með erindi á Sunnudagskaffi með skapandi fólki.

Pauline Joy Richard fæddist í New York árið 1989, er af frönskum ættum en ólst upp víða um heiminn. Hún nam hönnun við Central Saint Martins háskólann í Lundúnum og fór í framhaldsnám í Kolding hönnunarskólann í Danmörku. Eftir útskrift vann hún fyrir ýmis fyrirtæki, m.a. bambú fyrirtæki í Hong Kong, Ecco skófyrirtækið í Danmörku og í þrjú og hálft ár sem listrænn stjórnandi fyrir franska tískurisann LVMH þar sem hún vann með krókódíllaleður, silkiprentun og hönnun sólgleraugna.

Hún sagði upp vinnunni fyrir tveim vikum.

Hvað tekur við?



Myndir og texti: Aðsent.